

BORGARRÁÐ 19. apríl 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um hækkun samgöngustyrks - MSS23040129

Lagt er til að greiðslur til starfsfólks Reykjavíkur í 50-100% starfshlutfalli vegna samgöngusamninga svari til þeirrar upphæðar sem það kostar á mánuði að ferðast með Strætó. Starfsfólk í starfshlutfalli fram að 50% fái helming þeirrar fjárhæðar.

Greinargerð:

Starfsfólk sem ekki ferðast með einkabíl í vinnuna á rétt á samgöngustyrk sem greiddur er út mánaðarlega, ef skrifað er undir samgöngusamning við vinnuveitanda. Upphæðin núna er kr. 6000 á mánuði en sú upphæð hefur ekki uppfærst síðustu árin og nær ekki upp í þann kostnað sem mánaðarkort í Strætó er. Í stað þess að leggja til einfaldrar hækkunar er skynsamlegast að upphæðin uppfærast framvegis í takt við mánaðargjald í Strætó, svo starfsfólk fái næga upphæð til að ferðast með þeim samgöngumáta.